



# Er Facebook vinur þinn?

Milljónir Facebook-notenda í heiminum skrifa undir sérstakt samkomulag þegar þeir skrá sig sem notendur en líklega vita fæstir út á hvað þessir skilmálar ganga.

Mikil umræða hefur verið undanfarið um skilmála samskiptanetsins Facebook sem mörgum þykja verulega vafasamir. Forbrugerráðet í Danmörku er meðal þeirra sem hafa gagnrýnt Facebook harðlega vegna meðferðar á persónuupplýsingum.

## Skoðanakönnun meðal notenda Facebook

Nýverið gerði Forbrugerráðet skoðanakönnun meðal notenda Facebook og voru helstu niðurstöður eftirfarandi:

- Um 80% töldu það alls ekki í lagi að Facebook gæti selt persónuupplýsingar um notendur til annarra fyrirtækja.
- Rúmlega 93% töldu ekki eðlilegt að Facebook gæti geymt persónuupplýsingar um notendur eftir að notendaaðgangi hefði verið lokað.
- Rúm 90% töldu óeðlilegt að Facebook áskildi sér eilífðarrétt til notkunar (m.a. til að sýna opinberlega og dreifa í hvaða tilgangi sem er) á persónuupplýsingum, myndum o.fl. sem sett er á vefsvæðið.

Samkvæmt þessu er ljóst að mikill meirihluti Facebook-notenda er andvígur þeim skilmálum sem gilda um notkunina, enda eðlileg krafa að fólk hafi sjálft ráðstöfunarrétt yfir þeim upplýsingum sem það setur á netið. Þrátt fyrir það er ekkert lát á vinsældum Facebook og virðast notendur almennt ekki hafa of miklar áhyggjur af því hvað verður um persónuupplýsingar þeirra.

Sjá meira um skilmála facebook á [www.ns.is](http://www.ns.is)

## Ráð til verndar persónuupplýsingum

Fyrir þá sem alls ekki geta hugsað sér að hætta að nota Facebook þrátt fyrir ofangreinda annmarka hefur Forbrugerráðet tekið saman nokkur góð ráð:

- Skiptið reglulega um lykilorð. Tölvuþrjótur sem brjótast inn á „prófil“ notenda eru stórt vandamál á Facebook.
- Ekki nota smáforrit (leiki o.þ.h.) sem iðulega eru í boði á Facebook. Að baki þeim standa ýmis fyrirtæki sem nota forritin til að komast yfir persónuupplýsingar notenda og Facebook-vina þeirra. Sama gildir í raun um tilboð sem Facebook miðlar til notenda sinna.
- Aðskiljið vinnu og vini. Íhugið vel hvaða upplýsingar þið viljið setja á Facebook og jafnvel er hægt að vera með tvo „prófila“; einn fyrir fjölskyldu og vini og annan fyrir vinnufélaga.
- Það sem sagt er á Facebook getur verið notað gegn þér síðar. Vinnuveitendur leita í auknum mæli að upplýsingum úr Facebook og fjórir af hverjum tíu vinnuveitendum segjast hafa útilokað starfsumsækjendur á grundvelli upplýsinga af Facebook.
- Ekki gefa upp símanúmer og heimilisfang á Facebook. Jafnframt getur verið ágætt að skrá sig ekki undir fullu nafni heldur bara fornafni eða jafnvel gælunafni. Þá er ráðlegt að gefa Facebook ekki upp raunverulegt tölvupóstfang, heldur stofna í staðinn sérstakt netfang til að nota í samskiptum við Facebook.
- Ekki setja myndir eða upplýsingar um annað fólk á Facebook-svæðið þitt nema ótvírætt leyfi viðkomandi sé fyrir hendi.
- Kvartíð yfir skilmálum Facebook, t.d. með því að senda tölvupóst til [privacy@facebook.com](mailto:privacy@facebook.com).

## Ólöglegir skilmálar hjá Kaupþingi

Neytendasamtökin fengu nokkur mál í fyrra er varða húsnæðislán í erlendra mynt sem tekin voru hjá Kaupþingi. Lántakendur tóku eftir því að vextir hækkuðu óeðlilega mikið og ekki í samræmi við millibankavexti (Libor-vexti). Þegar grennslast var fyrir um málið kom í ljós að bankinn hafði smátt og smátt verið að hækka álag sem hann leggur ofan á millibankavextina. Neytendasamtökin

töldu að bankanum væri ekki heimilt að hækka þetta álag án þess að hafa upplýst lántakandann um tilvist þess og að það gæti hækkað eða lækkað á lánstímanum. Bankinn hefði því brotið lög um neytendalán. Neytandi sendi mál til Neytendastofu sem úrskurðaði honum í hag. Kaupþing áfrýjaði þá til áfrýjunarnefndar neytendamála og er málið til meðferðar þar.